

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfisnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 19. mars 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 492 mál.

Frumvarpið, verði það að lögum, hefur að geyma heildarlög sem eiga að leysa af hólmi eldri lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Markmiðið er að hafa í einni löggjöf ákvæði um varnir gegn hverskyns mengun bæði hvað varðar hafið umhverfis landið og einnig strendur þess. Frumvarpið kveður á um skýrari ákvæði hvað varðar skyldur og ábyrgð þeirra sem skyldum hafa að gegna í þessum málaflokki.

Einnig er að finna í frumvarpinu skýringar á ýmsum orðum og orðasamböndum sem koma við sögu í þessu sambandi. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir aukinni ábyrgð þeirra sem valda svo mikilli bráðamengun að tjón hlýst af. Einnig er kveðið á um skyldu þeirra sem eru í áhættustarfsemi af þessu tagi að tryggja sig fyrir skaða sem hlotist getur af bráðamengun.

Í 6.gr. frumvarpssins er kveðið á um að nánari ákvæði um eftirfarandi atriði verði tilgreind í reglugerðum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og eftir því sem við á í samráði við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra:

- a. losun olíu og olíublandaðs vatns í hafið frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, þar með talið á sér hafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
- b. bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir og bestu umhverfisvenjur,
- c. búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á hafi úti og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu og um eftirlit með þessum búnaði,
- d. söfnun og eyðingu úrgangsolíu, þar á meðal móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum,
- e. takmörkun eða bann við losun lýsis og grútar,
- f. flokkun fljótandi efna sem flutt eru í fargeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í hafið utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
- g. flokkun efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum,
- h. losun á skolpi í hafið frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á hafi úti,
- i. meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
- j. móttöku og meðferð úrgangs frá skipum,
- k. móttökuaðstöðu fyrir skolp frá skipum og annan úrgang sem ekki er talinn upp hér að framan og eyðingu þess,
- l. takmörkun á losun þeirra efna í hafið frá landi sem upp eru talin í fylgiskjali II Fagmenn til sjós og lands!


með lögum þessum,

- m. varp efna í hafið,
- n. hvernig staðið skuli að lagningu sæstrengja, neðansjárleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni,
- o. vöktun og mælingar, svo sem til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins og hvaða rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í hafinu, í sjávarlífverum og á hafsbotni skuli fara fram,
- p. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir lögina sem Hollustuvernd ríkisins annast útgáfu á,
- q. flutning hættulegs varnings með skipum þar sem heimilt er að vísa til efnalista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, enska textans,
- r. varnir og viðbrögð við bráðamengun, rekstur mengunarvarnabúnaðar og skyldu eftirlitsaðila til samvinnu,
- s. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,
- t. takmörkun á mengun frá skipum eða landstöðvum í samræmi við þá viðauka MARPOL- samningsins og aðra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að,
- u. ábyrgðartryggingu vegna atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun,
- v. önnur sambærileg atriði.

Þar sem hér er um að ræða atriði sem snerta mörg hver störf bæði vélstjóra og vélfræðinga skiptir miklu máli hvernig til tekst með efnisatriði reglugerðanna en það er ekki ljóst á þessari stundu.

Að öðru leyti er það mat félagsins að hér sé á ferðinni frumvarp, sem ef að lögum verður, muni geta stuðlað að bættri umgengni um hafið umhverfis landið og strendur þess.

Viðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands



Helgi Laxdal, formaður